

REGLUR

um útreikning fjármálafyrirtækja á stórum áhættuskuldbindingum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.

Útreikningur áhættuskuldbindinga.

Við útreikning á áhættuskuldbindingum skv. 5. mgr. 390. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. 1. gr. c laga um fjármálafyrirtæki, skal fjármálafyrirtæki fylgja ákvæðum reglugerðar (ESB) 2022/1011, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerðar.

Með reglum þessum öðlast gildi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1011 frá 10. mars 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er hvernig ákvarða eigi óbeina áhættuskuldbindingu viðskiptavinar vegna afleiðu- og lánaafleiðusamninga, hafi samningurinn ekki verið gerður beint við þann viðskiptavin heldur hefur undirliggjandi skulda- eða hlutabréfagerningur verið gefinn út af þeim viðskiptavini, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2022 frá 9. desember 2022.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union): <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R1011>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 170, þann 28. júní 2022, bls. 22-26.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 70. tölul. 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi.

Seðlabanka Íslands, 5. apríl 2023.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.